

# Upplýsingafundur rektors

## 1. október 2024

Jón Atli Benediktsson, rektor

# Yfirlit

1. Nokkrir nýliðnir viðburðir
2. Fjármál
3. Viðhorf nemenda til náms við HÍ
4. Aurora samstarfið
5. Á döfinni hjá fræðasviðunum
6. Fram undan





# 1. Nokkrir nýliðnir viðburðir




Vísindavefur HÍ hlaut viðurkenningu fyrir vísindamiðlun á Vísindavöku 28. sept.




Menntakvika, árleg ráðstefna í menntavísindum,
haldin 26.-27. sept., að stórum hluta í Sögu


HÍ
ÍSTAK
ÍSTAK
Endurlagning hornsteins Sögu 21. ágúst sl.




Ragnheiður Bragadóttir, prófessor, hlaut norrænu lögfræðiverðlaunin


HÍ
Móttaka nýnema í haust



HÍ

# Nemendur

| | |
|---|---|
| Heildarfjöldi nemenda | 13.600 |
| – Þar af erlendir nemendur | 2.500 |
| Grunnnám – allir | 8.300 |
| – Þar af nýnemar | 3.700 |
| Framhaldsnám – allir | 5.300 |
| – Þar af starfs- og viðbótarnám | 2.000 |
| – Þar af doktorsnemar | 620 |


Nýtt háskólaráð fyrir tímabilið 2024-2026

# Skipan háskólaráðs HÍ 2024-2026

- Jón Atli Benediktsson, rektor, forseti
- Andri Már Tómasson, læknanemi, fulltrúi nemenda
- Arnar Þór Másson, stjórnarmaður og ráðgjafi, tilnefndur af háskólaráði
- Davíð Þorláksson, lögfræðingur og MBA, framkvæmdastjóri Betri samgangna, tilnefndur af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- Elísabet Siemsen, fv. rektor Menntaskólans í Reykjavík, tilnefnd af háskólaráði
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor við Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði, tilnefnd af háskólaþingi
- Katrín Atladóttir, verkfræðingur og vörustjóri hjá Dohop, tilnefnd af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
- Katrín Jakobsdóttir, fv. forsætisráðherra Íslands, tilnefnd af háskólaráði
- Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, tilnefndur af háskólaþingi
- Silja Bára R. Ómarsdóttir, prófessor við Stjórnmálafræðideild á Félagsvísindasviði, tilnefnd af háskólaþingi
- Viktor Pétur Finnsson, viðskiptafræðinemi, fulltrúi nemenda



## Rektor og forsetar fræðasviða

- Sigurður M. Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs
- Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs
- Jón Atli Benediktsson, rektor
- Unnur Anna Valdimarsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs
- Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs




Heimsókn Sigurðar Inga Jóhannssonar, efnahags- og fjármálaráðherra 30. ágúst sl.



Heimsókn Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, 17. sept.




# Tveir nýir styrktarsjóðir

# Sagnfræðisjóður Aðalgeirs Kristjánssonar





# STAFN: Styrktarsjóður Brynju Einarsdóttur og Arnar Almarssonar



# Unnið að sameiningu við Háskólann á Hólum í formi háskólasamstæðu

- Hugmyndin gengur út á að skólarnir starfi undir einni kennitölu, hafi eitt fjárlaganúmer, einn rektor og eitt háskólaráð
- Þríhliða samningur við HVIN-ráðuneytið
- Í upphafi yrðu tveir kampusar
- Opið fyrir að fleiri innlendir háskólar komi inn í samstæðuna



# Undirritun samkomulags um stjórnskipulag samstæðu HÍ og Háskólans á Hólum

# 3. Fjármál



# Reiknilíkan HVIN



Reiknilíkan HVIN

Kynnt 2023



# Kennsluhluti var...

Loknar einingar
42%

Útskriftir
(grunn- og meistaranám)
18%

## Kennsluhluti

Þreyttar einingar → Loknar einingar

Aðföng → Afköst



Fækkun reikniflokka úr 15 í 4

Loknar einingar
42%

Útskriftir
(grunn- og meistaranám)
18%

## Brautskráningar-framlög

### Vægi utskrifta margfaldað

- Áhersla lögð á árangur
- Brautskráningarframlag vegna grunnnáms fer úr 350 þ.kr. í um 1,1 m.kr.
- Brautskráningarframlag vegna meistaragráðu fer úr 355 þ.kr. í rúmlega 2 m.kr.
- Hvati fyrir skóla að koma nemendum alla leið í gegnum námið

# Útgafa 2024 (kynnt sl. vor)

| Flokkur | Þáttur | Hlutfall | Skýring |
|---|---|---|---|
| Kennsla 60% | Loknar einingar | 42% | Dreift í samræmi við fjölda eininga sem lokið er í hverjum skóla fyrir sig. Hver eining námsleiðar er margfölduð með þeim stuðli sem við-eigandi reikniflokkur hefur. Notast er við 3 ára meðaltal. |
| | Útskriftir (grunn- og meistaranám) | 18% | Dreift í samræmi við fjölda brautskráninga í hverjum skóla, að teknu tilliti til tegundar gráðu. Notast er við 2 ára meðaltal. |
| Rannsóknir 15% | Birtingatölfræði | 8,25% | Dreifist m.t.t. fjölda birtinga og tilvísana, einnig opinn aðgang, alþjóðlegt samstarf. Notast er við 2 ára meðaltal. |
| | Útskriftir (Ph.D.) | 2,25% | |
| | Erlendir styrkir | 4,5% | Dreifist eftir fjárhæðum erlendra rannsóknarstyrkja sem skólarnir afla sér. Notast er við 5 ára meðaltal. |
| Samfélagslegt hlutverk 25% | Kennsluauki | 5% | Dreift eftir skráðum nemendum |
| | Rannsóknarauki | 5% | 2% birtingar, 3% akademísk ársverk |
| | Efling byggða | 3,2% | Stuðningur við landsbyggðarskóla |
| | Innleiðing | 2,8% | Jöfnunarframlag sem fjarar út |
| | Sókn háskóla | 5% | |
| | Sókn í STEAM | 3% | |
| | Stuðningur við fámennar, þjóðlegar greinar | 1% | |

Greinar fara á milli reikniflokka

Fleiri erlendir sjóðir

Samfélagslegt hlutverk betur skilgreint

1,4 ma.kr. / aukið fjármagn til háskólanna árið 2025

# Hlutföll reikniflokka eftir skólum



# Rannsóknarhluti

Umbunað fyrir árangur og gæði í rannsóknum með fjölbreyttum mælikvörðum

Engin breyting á uppbyggingu rannsóknarhluta önnur en að fleiri erlendir styrkir eru teknir inn

- Life áætlun á vegum Samstarfsáætlunar ESB-2021 2027
- Digital Europe Programme (DEP) á vegum Samstarfsáætlunar ESB 2021-2027
- Nordforsk styrkir á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um rannsóknir og þróun
- NSF (U.S. National Science Foundation)

# Samfélagslegt hlutverk

- Kennsluauki - skráðir nemendur (óbreytt), 5%
- Rannsóknarauki - betur skilgreindur, 5%
- Efling byggða - tveir skólar til viðbótar, 3,2%
- Sókn í STEAM - 3%
- Stuðningur við fámennar greinar - 1%

- Sókn háskóla verður Stefna háskóla, 5%
- Innleiðing 2,8%

# Kennsluauki

Dreifist í samræmi við skráða nemendur haustið á undan, óháð reikniflokki

# Rannsóknarauki
5%

2024 eru kynntar til leiks tvær nýjar breytur:
- Ritrýndar birtingar í íslenskum tímaritum, 2%
- Fjöldi ársverka akademískra starfsmanna, 3%

Miðað við bráðabirgðagögn:

Íslenskar birtingar

| | |
|---|---|
| HÍ | 82,8% |
| HA | 10,1% |
| HR | 3,5% |
| HB | 1,1% |
| LBHÍ | 1,3% |
| LHÍ | 0,4% |
| HH | 0,8% |

Akademísk ársverk

| | |
|---|---|
| HÍ | 61,8% |
| HA | 11,0% |
| HR | 15,0% |
| HB | 2,0% |
| LBHÍ | 2,3% |
| LHÍ | 5,1% |
| HH | 2,7% |

# Rannsóknarauki

5%



# Stefna háskóla
# 5%

Hét 2023 sókn háskóla, dreifist í samræmi við kennslu- og rannsóknarhluta að sinni

Ætlað til stefnumörkunar og innleiðingar innan hvers skóla

Efling Byggða
3,2%

Fyrir

| | |
|---|---|
| HA | 1,5% |
| LBHÍ | 1,0% |
| HH | 0,5% |

Eftir

| | |
|---|---|
| HA | 1,5% |
| LBHÍ | 1,0% |
| HH | 0,5% |
| HB | 0,1% |
| HR | 0,1% |

## Sókn í STEAM
## 3%

Dreifist jafnt á milli HÍ, HR og LHÍ

Stefnubundin fjárveiting,
í haust mun ráðuneytið óska eftir upplýsingum um hvað háskólarnir ætla að gera við fjármagnið

# Fámennar greinar 1%

Framlag vegna fámennra mikilvægra grunngreina innan skóla sem hljóta ekki þegar byggðastuðning

Skilyrði

- Sambærilegt nám sé ekki kennt við annan íslenskan skóla
- Námið sé ekki í hæsta reikniflokki
- Skólinn hljóti ekki þegar byggðastuðning

Þrír stigvaxandi stuðningsflokkar:

1. Dýrar undirstöðugreinar sem ekki er hægt að sækja nám til útlanda nema í litlu mæli
2. Samfélagslega mikilvægar greinar sem læra má að hluta erlendis en nauðsynlegt þykir að kenndar séu á háskólastigi hérlendis, m.a. vegna þess að þær eru kenndar í grunn- og framhaldsskólum
3. Aðrar fámennar greinar sem ástæða er til að kenna vegna alþjóðlegra og menningarlegra tengsla

# Samsetning fjárveitinga í deililíkani til fræðasviða 2023



# Samsetning fjárveitinga í deililíkani til fræðasviða 2024



# Fjárlagafrumvarp fyrir 2025

Niðurstaða frumvarps til fjárlaga er raunhækkun á framlögum ríkisins til rekstrar HÍ upp á 365 m.kr.

| | |
|---|---|
| Frumvarp til fjárlaga 2025 – greitt úr ríkissjóði | m.kr. |
| Launa og verðlagsbætur: | 1.444 |
| Hækkuð framlög til HÍ | 365 |
| <u>Samtals:</u> | 1.808,9 |
| Breytingar sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði: | |
| *Fjárfestingaframlag HHÍ vegna uppbyggingar HVS | |
| (hækkun úr 1.338 í 1.749 m.kr) | 411 |
| Uppfærð tekjuáætlun í fjárlögum 2024 | 1.034 |

# Fjárlagafrumvarp fyrir 2025

## Samanburður á framlögum til háskóla (greitt úr ríkissjóði í m.kr.)

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Framlag úr ríkissjóði 2024 | Framlag úr ríkissjóði 2025 | Breyting á milli ára | Þar af launabætur | Nettó breyting | Breyting (%) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HÍ | 24.513,8 | 26.322,7 | 1.808,9 | 1.444,0 | 365 | 1,5% |
| HA | 4.063,1 | 4485,3 | 422,2 | 238,0 | 184 | 4,5% |
| LbHÍ | 1.284,5 | 1363,8 | 79,3 | 71,0 | 8 | 0,6% |
| HH | 613,6 | 889,5 | 275,9 | 45,0 | 222 | 36,2% |
| Bifröst | 750,4 | 945,8 | 195,4 | 48,0 | 147 | 19,6% |
| HR | 5.101,8 | 5546,8 | 445,0 | 303,0 | 142 | 2,8% |
| LHÍ | 1.993,5 | 2648,1 | 654,6 | 129,0 | 526 | 26,4% |

# Gjöld til skoðunar

- Skrásetningargjald hefur verið óbreytt um árabil og er til endurskoðunar hjá stjórnvöldum
- Erlendum námsumsóknum frá löndum utan EES hefur fjölgað mikið og kostnaður við afgreiðslu þeirra stóraukist. Því er áformað að hækka umsóknargjaldið
- Öll Norðurlöndin nema Ísland innheimta skólagjöld fyrir nemendur utan EES. Til athugunar er á vettvangi HVIN að veita íslenskum háskólum slíka heimild





# Alþjóðlegur samanburður

# Samanburður á útgjöldum á hvern ársnema á Norðurlöndum 2008-2021 (USD á verðlagi hvers árs)



# Hvað vantar mikið upp á (tölur fyrir 2021)

| | Mismunur ($) | Fjöldi ársnema | Viðmið | Upphæð ($) | Upphæð ISK (milljarðar) |
|---|---|---|---|---|---|
| OECD - Ísland | 3.480 | 9.000 | HÍ | 31.320.000 | 4,2 |
| OECD - Ísland | 3.480 | 13.500 | Háskólastigið | 45.240.000 | 6,1 |
| | | | | | |
| Norðurl.meðaltal – Ísland | 8.300 | 9.000 | HÍ | 74.729.250 | 10,1 |
| Norðurl.meðaltal – Ísland | 8.300 | 13.500 | Háskólastigið | 107.942.250 | 14,6 |



# 3. Viðhorf nemenda til náms við Háskóla Íslands 2023-2024



# Viðhorfskannanir

- Félagsvísindastofnun hefur frá 2011 gert kannanir á reynslu og viðhorfum nemenda:
  - **Grunnnemar (mælt árlega Lagt fyrir 3. árs nema frá 2020, áður 2. árs nema)**
  - Meistaranemar (mælt 2. hvert ár)
  - Doktorsnemar (mælt 2. hvert ár)
  - **Brautskráðir (mælt árlega 1½ ári eftir brautskráningu)**
  - Stoðþjónusta (mælt 3. hvert ár)
- Spurningalisti fyrir nemendur byggir á **National Student Survey** í Bretlandi og listinn fyrir brautskráða byggir á **Destination of Leavers** from Higher Education
  - gefur kost á alþjóðlegum samanburði
  - spurningalisti breyttist mikið í fyrra
- Frá 2013/2014 hafa allir opinberu háskólarnir á Íslandi tekið þátt



# Framkvæmd og heimtur

- Net-/ símakönnun
- Gagnaöflun
  - Grunnnemar: 7.3.-7.6. 2024
  - Útskrifaðir: 4.2.-16.5. 2024
- Svarhlutfall:
  - Grunnnemar: svarhlutfall í deildum **50-73%** (59% í heild)
  - Brautskráðir: svarhlutfall í deildum **50-100%** (57% í heild)

# Háskóli Íslands 201-2024
# Á heildina litið er ég ánægð/ur með gæði námsins



# Grunnnemar 2011-2024
## Á heildina litið er ég ánægð/ur með gæði námsins (fræðasvið og HÍ í heild)



# Eftir þáttum skólaárin 2022-2023 og 2023-2024



# Þróun þátta hjá HÍ í heild



# Brautskráðir: Á heildina litið er ég ánægð/ur með gæði námsins



# Staða brautskráðra á vinnumarkaði eftir fræðasviðum

## Grunnnám




## Framhaldsnám



# Hversu vel eða illa hefur menntun þín nýst þér til að búa þig undir núverandi starf?





## Samantekt

- Ánægja grunnnema og brautskráðra með gæði náms við HÍ er nær óbreytt frá 2023
- Grunnnemar við HÍ koma svipað út og meðaltal í Bretlandi á helstu þáttum

# 4. Aurora samstarfið



# Aurora

- Eitt ár liðið af öðru styrktímabili Aurora-háskólanetsins 2023-2027
- 64 evrópsk háskólanet komin á laggirnar – 4 íslenskir háskólar (af alls 560+ evrópskum háskólum)
- Háskólanetin talin lykilaðilar í framþróun háskólamenntunar í Evrópu
- Samstarfsvettvangur þvert á háskólana – FOREU4ALL
- Samstarfsvettvangu íslenskra háskóla í evrópskum háskólanetum myndaður






AURORA

# Nýr forseti, framkvæmdastjóri og forseti stúdentaráðs

- Forseti: Martin Procházka, rektor Palacký-háskóla, Olomouc, Tékklandi
- Framkvæmdastjóri: Ramon Puras, á skrifstofu Aurora í Vrije Universteit, Amsterdam
- Forseti stúdentaráðs: Mathilde Chaumont, Université Paris-Est-Créteil








AURORA

# Styrkir til rannsóknasamstarfs

1. Styrkir til undirbúnings rannsóknasamstarfs með fræðafólki í öðrum Aurora-háskólum
   - Sjö verkefni hlutu styrk upp á €12-16.000, þar voru þrjú verkefni með aðkomu HÍ
2. Styrkir til að halda fræðatengd námskeið fyrir upprennandi rannsakendur
   - Tveir sumarskólar fengu styrk, þar af einn leiddur af HÍ:
   - VOLCOM: Volcanoes and Science Communication - Rikke Pedersen, University of Iceland, Partners: Háskólinn í Napólí og Vrije Universiteit Amsterdam
3. Styrkir til styttri rannsóknardvala fyrir upprennandi rannsakendur
   - Allt að þriggja mánaða rannsóknardvöl í háskóla sem tekur þátt í Aurora-samstarfinu
   - Engin umsókn frá Íslandi

**Hægt verður að sækja um þessa styrki árlega næstu þrjú árin. Opnað fyrir næstu umferð umsókna snemma 2025**

# Aurora-tækifæri fyrir starfsfólk

Ferðastyrkir til þróunar kennslusamstarfs þvert á Aurora-háskólana

- Tveir styrkir í boði
- Gildir fyrir yfirstandandi háskólaár
- Umsóknarfrestur 1. nóvember

**Frekari upplýsingar:**
aurora@hi.is
hi.is/aurora

2024
Október - vinnustofa: *Expanding Scholarly Horizon* - Innsbruck

Nóvember - vinnustofa: LOUIS hæfniviðmið – Olomouc

2025
Febrúar - ráðstefna: *The Role of Higher Education in Peacebuilding* - Innsbruck

# Aurora kennsluvefur https://setberg.hi.is/is




## Velkomin á kennsluvef Aurora

Aurora er háskólabandalag níu evrópskra háskóla sem vinnur að umbreytingu háskólanáms í þágu sjálfbærni og samfélagslegrar nýsköpunar. Aurora er eitt af sextíu og fimm háskólabandalögum Evrópu en með þeim er lagður grunnur að sameiginlegu menntasvæði Evrópu.

Samstarfið í kennslu snýst um að kenna til samfélagslegra áhrifa með innleiðingu kennsluaðferða og verkfæra sem byggja á sjálfbærni og þverfræðilegri nálgun. Hæfni nemenda þvert á fræðigreinar er forgangsmál hjá Aurora en hæfni nemenda er lykilatriði í að stuðla að samfélagslegri nýsköpun sem nauðsynleg er til að takast á við hnattrænar áskoranir heimsins. Aurora skólarnir hafa einnig skuldbundið sig til að þróa saman og kenna sameiginlegt Aurora nám þvert á skólana. Meira um Aurora samstarfið.

### Kennsla til samfélagslegra áhrifa

Kennsluhugsjón Aurora snýst um nýsköpun í kennslu til samfélagslegra áhrifa með það að markmiði að útskrifa nemendur með hæfni sem nýtist í þágu samfélagslegra breytinga.

Til að ná markmiðinu leggur Aurora áherslu á fjórar stoðir í kennslu:

- Að þróa **þverfaglegt námsefni** sem taki mið af sjálfbærni og samfélagslegum þörfum.
- Að innleiða **nemendamiðaðar og inngildar kennsluaðferðir**.
- Að hæfniviðmið nemenda miðist við samfélagslega ábyrgð, frumkvöðlafærni og aðra **þverfræðilega hæfni**.
- Að bjóða upp á **alþjóðlegt nám og kennslu** með viðkenndu skiptinámi sem eykur alþjóðahæfni nemenda.

Undir hverri stoð er að finna kennsluaðferðir og kennsluverkfæri sem auðveldar að ná markmiðum Aurora.




Kennsluaðferðir og kennsluverkfæri Aurora

AURORA

HÍ

# Kennsluskrá HÍ – Aurora-merking

## KENNSLUSKRÁ 2024–2025

Námskeiðaleit

NÁMSLEIÐIR Í BOÐI

Kennslualmanak

Almennt um nám og próf við HÍ

Inntökuskilyrði, umsókn og skráning

Ýmis þjónusta við nemendur

Réttindi og skyldur nemenda

Um kennsluskrá

**Félagsvísindasvið**

**Heilbrigðisvísindasvið**

**Hugvísindasvið**

**Menntavísindasvið**

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið**

**Þverfræðilegt framhaldsnám**

**Aurora-námskeið við HÍ og aðra háskóla**

KENNSLUSKRÁ 2023–2024

Eldri kennsluskrár

Aurora-námskeið

Í kennsluskrá Háskóla Íslands má finna upplýsingar um allar námsleiðir og öll námskeið sem í boði eru við skólann. **Smelltu hér til að nálgast leiðbeiningar um leit í kennsluskrá**.



Gerð er grein fyrir hverri námsleið með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga.

Á undirsíðum kennsluskrár og í köflum fræðasviða og deilda er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta umsóknir, skráningu, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur.

Kennsluskrá Háskóla Íslands 2024–2025 er unnin samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir lágu í janúar 2024 um kennslu, námsframboð og annað er varðar starfrækslu Háskólans háskólaárið 2024–2025. Kennsluskráin er því birt með **fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

Ábendingar eða fyrirspurnir um efni kennsluskrár má senda á netfangið kennsluskra (hjá) hi.is.



# 5. Á döfinni hjá fræðasviðunum

# Félagsvísindasvið

- Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild, hlaut nýverið norrænu lögfræðiverðlaunin, virtustu verðlaun í lögfræði á Norðurlöndunum, fyrir rannsóknir sínar
- Ráðstefna Farsældarnetsins í samstarfi HÍ og Mennta- og barnamálaráðuneytisins 2. okt. Kynntar verða rannsóknir varðandi farsæld barna
- Diplómanám í farsæld fór að stað með tæpa 90 nemendur í þriðja sinn í haust
- Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og HÍ 10. okt.
- Þjóðarspegillinn haldinn 31.10.-1.11 – stærsta ráðstefna í félagsvísindum á Íslandi
- Deildir FVS vinna að því að breyta viðbótardiplóma á framhaldsstigi skv. nýrri löggjöf

# Heilbrigðisvísindasvið

- Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefna HÍ verður haldin 14.-15. okt. Fjölbreytt erindi, s.s. „Mataræðismýtur“, “Veistu hvaða lyfjum þú ert á og til hvers?“, „Málstofa um krabbamein fyrir almenning“, og „Sjónskynjun og lestrarörðuleikar barna“
- Vísindanefnd HVS undirbýr styrkjabúðir („grant camp“) á vormisseri 2025. Markmiðið er að styðja við rannsakendur við undirbúning styrkhæfra umsókna
- Miðstöð í öldrunarfræðum, samstarf HÍ og Landspítala um rannsóknir á öldrun og öldrunarþjónustu, auglýsir eftir forstöðumanni
- Undirbúningur fjölgunar hjúkrunar-, lækna-, og sjúkraþjálfunarnema stendur yfir. Stefnt er að því að fjölga læknanemum úr 75 í 90, hjúkrunarfræðinemum úr 120 í 150 og sjúkraþjálfunarnemum úr 35 í 50
- Fyrsta áfanga við uppbyggingu hermi- og færniseturs, HermÍS, er lokið og hefur þegar aukið vægi hermikennslu á sviðinu
- Framkvæmdir við nýtt Heilbrigðisvísindahús standa yfir af fullum krafti



# Hugvísindasvið

- HUG hefur á undanförnum misserum lagt aukna áherslu á samstarf við aðra háskóla og stofnanir, m.a. Listaháskóla Íslands, um rannsóknarnám. Nýlega hófu tveir doktorsnemar í listum og listfræði nám við HUG í samstarfi við LHÍ og Listasafn Íslands
- Verkefnið *Intelligent Instruments*, sem hlaut ERC styrk, er komið til HUG. Þverfaglegt rannsóknarverkefni sem skoðar hlutverk gervigreindar í sköpun og þá sérstaklega í gegnum hljóðfæri í lifandi flutningi
- Verkefnið hlaut tvenn verðlaun á Ars Electronica hátíðinni í Linz í september, þ.e. (1.) Citizen Science Award, sem Evrópusambandið veitir rannsóknarverkefnum fyrir samfélagsleg og stjórnmálaleg áhrif til aukinnar þróunar í átt að fjölmenningarlegu og sjálfbæru samfélagi í Evrópu án aðgreiningar, og (2.) Prix Ars Electronica verðlaun fyrir gervigreind í listum
- HUG hefur aukið framboð sitt á fjarnámi og eru franska og þýska nú í boði sem fjarnám. Í undirbúningi er þróun nýrra námskeiða í samstarfi við aðra háskóla innan Aurora-samstarfsnetsins

# Menntavísindasvið

- Menntakvika– árleg ráðstefna menntavísinda var haldinn 26.-27. sept. Opnunarmálstofan um „Framtíð menntunar á tímum gervigreindar” var vel sótt
- Undirbúningur að flutningi MVS í Sögu er í fullum gangi. Áformað að kennsla hefjist í norðurenda hússins í byrjun okt. og að öll starfsemi MVS verði flutt í lok árs og starfsemin hefjist í Sögu af fullum krafti á nýju ári
- Af þessu tilefni er blásið til fyrirlestra um menntamál sem verða haldnir reglulega á skólaárinu. Dr. Anne Bamford, gestaprófessor við MVS og ráðgjafi hjá OECD um skapandi skólastarf, flytur fyrsta fyrirlesturinn 6. nóv. og ber hann heitið „Future Fusion: Unleashing Creativity and Skills for Tomorrow's Education”
- Menntavísindavarpi, nýju hlaðvarpi MVS, hefur verið hleypt af stokkunum. Rætt verður við fræðafólk og nemendur um viðfangsefni sem eru í deiglunni hverju sinni
- Menntavísindasvið, í samstarfi við Kennarasamband Íslands, efnir til málstofunnar „Stytting námstíma til stúdentsprófs: Sjónarhorn menntarannsókna” 11. okt. í Veröld

# Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Verkfræði og náttúruvísindasvið var fyrirferðarmikið á Vísindavöku Rannís 28. sept. sl. Í 13 básum mátti m.a. kynna sér sjúka sebrafiska, talandi kort, snjallvædda prjónavél frá tíunda áratugnum, raddir maura og legó-líkan með mikilvægum innviðum Íslands
- Nemendur Kvennaskólans heimsóttu Öskju í sept. og fengu kynningu á námsbrautum sviðsins frá fulltrúum nemendafélaganna
- Tölvunarfræðinemarnir Saeeda Shafaee og Theresia Mita Erika stóðu fyrir frumkvöðlaverkefninu *Stelpur forrita* í ágúst. Um er að ræða vinnustofu fyrir konur og kvár þar sem kynntir eru töfrar upplýsingatækninnar
- Námsbúðirnar *Stelpur Diffra* voru einnig haldnar í ágúst. Markmiðið er að auka þátttöku stúlkna og stálpa í heimi stærðfræðinnar. Námsbúðirnar *Kennarar diffra* voru haldnar 6.-9. ágúst.
- Meistaradagur náttúruvísindanna var haldinn 27. sept. sl. þar sem meistaranemar við Líf- og umhverfisvísindadeild og Jarðvísindadeild kynntu lokaverkefni sín
- Vikuna 2.-6. sept. komu fulltrúar frá helstu geimferðastofnunum heims (IMEWG) saman á Íslandi í boði Geimvísindastofnunar Íslands (Iceland Space Agency), HÍ og Vísindagarða

# 6. Fram undan

- Skilafrestur umsókna í þriðju lotu Samstarfs háskóla er 15. okt.
- Afhending prófskírteina í Hátíðasal 25. okt.
- Flutningur Menntavísindasviðs og fleiri starfseininga í Sögu
- Háskólaþing 20. nóv.
- Upplýsingafundur/viðurkenningar til starfsfólks 28. nóv.
- Hátíð brautskráðra doktora 1. des.

HÍ